

Márt. 10/ 1963.

Garðar Jónsson.

STARESSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ.

=====

1962.

====

Suðurlandsumdæmi.

## 1. Almennt yfirlit:

Veðrið frá áramótum var burrt og bjart, snjólítið en frosthart. Klaki gekk óvenju ájúpt í jörð, allt upp í l. m. á stöku stað. Vorið var einnig kalt og umhleypingasamt, frost oft um nætur, en rigningar og kuldagjóstur á daginn. Sumarið var einnig kallt og nokkuð úrkomusamt. Haustið til áramóta, var sérstaklega úrkomusamt og miklir stormar, frost komu snemma, en snjólítið var.

Laufgun í birkiskjólbeltunum á Tumastöðum var 1. júní, en lauffall 23. sept. þá tættist allt lauf af í roki og rigningu.

Síðasta frostnótt á vorinu sem gerði skaða í gróðrarstöðinni var 16. maí. þá voru fræbeðsplöntur farnar að vaxa og sá aðeins á þeim. Fyrsta frost á haustinu var 25. okt. þá mældust - 8 .

Um miðjan maí var 15. cm. þykkur klaki í gróðrarstöðinni og fór hann ekki úr fyr en um mánaðarmótin maí-júní, en upp í Þjórsárdal rákumst við á klaka í jörðu um mánaðarmótin júní - júlí.

Með minnsta móti var af maðki og lús bæði í gróðrarstöð og skógum. Vöxtur var í lélegra lagi sérstaklega í skóglendum, enda sumarið kalt. Alaskalúpínan blómgaðist mikið, en fræproski gekk hægt og var verið að safna fræi af henni þar til seinast í ágúst.

## 2. Starfsmannahald og greiðslur:

Allar kaupgreiðslur til starfsfólks á árinu námu Kr. 754.326,60 og er það rúmun 50.þús. meira en á sl. ári. Til verkafólks sem heima á í Fljótshlíðarhreppi Kr. 473.823,00, eða Kr. 164.327,00 meira en í fyrra, en samtals til fólks búsettu í Rangárvallasýslu Kr. 645.708,57 og er það Kr. 180,279,57 meira en á síðastliðnu ári.

Kaupgreiðslur einstaka mánuði urðu þannig. Jan. - marz. Kr. 43.845,22 Apríl - júní Kr. 315,203,43 Júlí - sept. Kr. 321.095,25. Okt. - des. Kr. 74.282,70.

Starfsfólk á árinu.

	<u>jan.</u>	<u>febr.</u>	<u>marz.</u>	<u>apr.</u>	<u>máí.</u>	<u>jún.</u>	<u>júl.</u>	<u>ág.</u>	<u>sept.</u>	<u>okt.</u>	<u>nóv.</u>	<u>des.</u>	<u>Samt.</u>
Karl.	2	3	3	3	14	16	13	11	8	6	3	2	84
<u>Konur.</u>					9	22	12	10	9	1			63
Samt.	2	3	3	3	23	38	25	21	17	7	3	2	147

3. Girðingar:

Á Þórsmörk var að þessu sinni farið til girðingarviðgerðar 14. maí og verið í nokkra daga að gera við það helsta að framanverðu, svo sem að loka Krossáraurnum þar sem girðingin var tekin upp í fyrra haust, og setja í skörð sem taka þarf úr á haustin. Þetta var aðeins bráðabirgða viðgerð, vegna rennslisfénaðar. Aðalviðgerðin fór fram dagana 16 - 27 júlí. Þá var endurgirtur kaflinn frá Húsadalshliði og upp á Valahnjúk og eins skriðan austan í Valahnjúk alls um 1,4 km. Skipt var um net og gaddavír gömlu máttarstaurarnir voru notaðir en renglur voru teknar í Húsadal. Efnið var allt flutt á dráttarvél, nærri alla leið upp, en bera þurfti efnið í skriðuna. Á síðustu árum, hefur verið endurgirtur kafli og kafli á'ári, og er nú að mestu búið að hressa upp gömlu girðinguna, aðeins eftir rennan meðfram Markarfljóti og nokkur smá skörð, fyrir utan Krossáraurinn sem verður víst eilífðar vandamál hjá okkur. 15. október var girðingin tekin upp á Krossáraurnum, en þá hafði Hvanná tekið um 100 m. og skolað burt. Fátt fé var í girðingunni í sumar og var hún aldrei smöluð. Samanlagður kostnaður varð Kr. 39.597,20.

Í Þjórsárdal var farið til girðingarviðgerðar 22 maí. Þá var sett í árnar og girðingin lagfærð að framanverðu. 25 júní var aftur tekið til og þá farið með allri girðingunni og hún lagfærð, viða bætt í hana smá köflum að nýju. Stórgripagirðing 2 strengir gaddavír, var sett upp í Skriðufellinu austanverðu, til varnar kum Skriðufellsbónanns í Selhöfðaskoginn. Kostnaður við girðinguna í ár varð Kr. 54.551,14

#### 4. Skógarhögg og grisjun:

Grisjað var í Selhöfðum austanverðum inn að Dímon og niður að Sandá, samt. um 13. ha.. Þar með er grisjum og gróðursetningu lokið í Selhöfðum, aðeins smá skjæklar hér og þar eftir. Einnig var grisjað í Lambaholti, fyrir austan Skriðufellsbæ, um 10. ha. og er það tilbúið til gróðursetningar næsta vor. Höggnar voru brautir um 1,5 m. á breidd og limið lagt á milli raða. Til að höggva brautirnar hafa mestmeginnis verið notaðir sniðlar, þó höfðum við eina vélsög, sem gafst ágætlega á viðirunna og smátt birkikjarr, annars er skógrunnin það stórvaxinn að vélsögum verður ekki við komið nema að litlu leiti. Töluverð vinna er í því að klippa og hirða eldri gróðursetningar, því mikil og kröftug rótarskot koma upp í brautunum og litlar barrplöntur kaffærast á einu til tveimur árum sé ekkert aðgert. Hingað til hefur sá kostnaður verið færður á grisjun. Allur kostnaður við grisjun í Þjórsárdal varð Kr. 79.956,15, eða Kr. 3476,00 pr. hektara.

#### 5. Gróðrarstöð:

Vinna hófst í gróðrarstöðinni 26 apríl, en lauk um mánaðarmótin október-nóv. Byrjað var á að taka upp dreifsetningarplöntur, lúpinur-rætur og undirbúa sáðbeð. Allar dreifsetningarplöntur svo og dálitið af sóluplöntum voru settar í kæliklefa og gafst það ágætlega. Birkiskjólbelti voru grisjuð og í þau plantað einfaldri röð af sitkagreni. Fram lengt var skjólbelti á milli C og D reits, tvöföld röð af sitkagreni og nær það nú upp á móts við íbúðarhús. Fluttar voru nokkrar stórar aspir og settar á skurðbakkann meðfram veginum heim að Tumastöðum. Plægt og fræsað var á skurðbökkunum fyrir sunnan íbúðarhús fyrir skjólbeltum. Í vor var D reitur allur fræsaður og í hann sáð lúpinu, sem fræsuð var niður í haust. Opnir skurðir voru hreinsaðir með handverkfærum, sömuleiðis lokræsi bar sem þau koma í opnu skurðina

Borið var í vegi í gróðrarstöðinni, sömuleiðis veginn frá þjóðvegi og þeir heflaðir.

Í sáðbeð var í vor borinn húsdýraáburður og skarni, það kostaði að visu meiri hreinsun, en 1/0 plöntur voru kröftugar í sumar. Með plöntum er gróðursettar voru í skjólbelti var húsdýraáburður settur. Þar sem dreifsett var, var aðeins notaður tilbúinn áburður. Á dreifsetningar var einnig borinn Noregssaltpétur, á nokkur beð var vökvæð með kúahlandi á miðju sumri.

Öllu fræi var sáð dagana 3 - 5 og 25 - 30 maí, ekki var neinn sjáanlegur munur á plöntunum eftir því hvenær sáð var.

Herinsunin var í góðu lagi í sumar. Öllum 1/2 og 2/2 plöntum var að lang mestu leiti haldið hreinum með Zimasini, götur og skjólbelti fræsað með litlum fræsara, eða sprautaðar með White-spirit, en fræbeðsplöntur varð að handreita.

Vetrarumbúnaður var eins og undanfarin ár, sandi stráð yfir beðin, skjólgindur og hrís breitt yfir. Samtals eru til skjólgindur 70 cm. á hæð 2165 m. og 100 cm. á hæð 477 m. grindur á sáðbeð 591 m- og vermicluggar á 1000 m-.

Sundurliðun á einstökum kostnaðarliðum gróðrarstöðvarinnar.

1. Jarðvinnsla.....	Kr. 22.574,87	eða 3,4 %	1961	2,2 %
2. Fræplöntur.....	- 72.021,91	- 10,8 -	-	11,1 -
3. Dreifplöntur.....	- 142.320,72	- 21,2 -	-	23,6 -
4. Hreinsun dreifplantna....	- 50.837,71	- 7,6 -	-	12,7 -
5. Hreinsun fræplantna.....	- 47.392,57	- 7,1 -	-	5,8 -
6. Plöntuafhending.....	- 26.443,45	- 4,0 -	-	6,3 -
7. Garðplöntur og græðlingar	- 26.108,29	- 3,9 -	-	4,1 -
8. Rekstursk. verkfæra.....	- 20.930,38	- 3,1 -	-	3,4 -
9. Verkstjórn og ráðskona....	- 112.587,80	- 16,9 -	-	16,8 -
10. Efniskostnaður.....	- 40.946,01	- 6,2 -	-	8,4 -
11. Allsherjarkostnaður.....	- 43.364,64	- 6,5 -	-	5,6 -
12. Skjólbelti.....	- 62.827,19	- 9,3 -		

Sáningar:

Sitkagreni Homer B-522	5,0	kg.	153	m--	1.	mjög	pétt
Sitkagreni Homer B-548	8,0	-	201	-	1.	-	-
Sitkagreni Homer B-548	0,2	-	10,5-	-	2.	gott	
Sitkagreni Seward B-446	0,5		21	-	1.	pétt	
Sitkagreni Tumastöðum				1,5	3.	heldur	gisið
Rauðgreni Rissa B.-530	10,0	-	252	-	1.	-	pétt
Rauðgreni Namdal M. B-554	3,0	-	99	-	1.	-	-
Hvitgreni Moose Pass B-549	3,8		100,5-	-	1.	-	-
Sitkabast Moose Pass B-550	1,9	-	108	-	1.	-	-
Bergfura Cafreir Pyr. B-473	1,2	-	51	-	3.	heldur	gisið
Stafafura Wansa Lake B-572	0,2	-	15	-	2.	gott	
Rússalerki Arkangelsk B-573	2,0	-	67,5-	-	3.	heldur	gisið
Birki Bæjarstaður	1,0	-	51	-	1.	pétt	
Pyrnir Noregi			27	-	4.	á stangli	
Dvergmispíll Vang/Hamar B-555	0,1	-	1	-	5.	óspírað	
Elri Klat. Sandt B-557	1,0	-	6	-	2.	gott	
Elri B-559 og 560			1,5-	-	5.	óspírað	
	Samt.	37,9 kg.			1166,5	m-	

Dreifsetning 1962:

Sitkagreni Seward B-465 2/D	202.300	stk.
Rauðgreni Ötterøy B-428 2/0	78.510	-
Blágreni Sapinero B-431 2/0	18.460	-
Blágreni Sapinero B-431 3/0	8.450	-
Sitkagreni Sevard 2/2/0	5.340	-
Aspiratagreni Danmörku 3/0	370	-
Stafafura Skagway B-462 2/0	76.760	-
Stafafura Alberta B-468 2/0	41.800	-
Sveigfura Montana B-453 3/0	440	-

Fjallaböll Lawing B-409 3/0-	11.950	stk.
Evrópulerki Graub. B-463 2/0	2.250	-
Evrópulerki Graub. B-463 2/0 Frá Vöglum	4.000	-
	450.630	stk.

---

Plöntur til dreifsetningar 1963:

Rauðgreni Ötterøy B-428 3/0	42.000	stk.
Rauðgreni N.T.Ytre B-429 3/0	130.000	-
Rauðgreni Rússland B-484 3/0	3.000	-
Rauðgreni Rússland B-485 3/0	7.000	-
Sitkagreni Seward B-466 3/0	200.000	-
Hvitgreni Seward B-464 3/0	57.000	-
Hvitgreni Ontario B-470 3/0	10.000	-
Bergfura Ulstrup B-467 3/0	15.000	-
Sitkabastarður Moosr Pass B-523 2/0	50.000	-
Sitkagreni Homer B-522 2/0	74.000	-
	538.000	stk.

---

Plöntur til afhendingar 1963:

Rauðgreni Rana 3403-100-51 3/3	5.700	stk.
Rauðgreni Bindal B-378 3/3	3.000	-
Rauðgreni R.K.E.D. B-329 2/3	8.000	-
Rauðgreni 3/3	1.500	-
Sitkagreni Homer B-389 2/3	18.000	-
Sitkagreni Seward 102-100-56 3/3	50.000	-
Hvitgreni 2/3	300	-
Sitkabastarður Lawing B-436 2/2	19.300	-
Evrópulerki Graubunden B-463 3/0	12.500	-
Rússalerki Onega 3654--56 3/3	500	-

Lerki Sviss 3/3	200	-
Bergfura Ulstrup B- 467 3/0	50.400	-
Stafafura Skagway B-444 2/2	14.300	-
Fjallaþinur Sapinero 901-3000-55 3/3	10.000	-
Hvítþinur Sapinero 2400-3000-55 3/3	400	-
Balsamþinur Newfondl. 2750--52 3/3	500	-
		<u>194.600</u>

**Siðsumarsplöntur.**

Hvitgreni Moose Pass B-432 2/3	5.000	-
Hvitgreni Summit L. B-433 2/3	13.000	-
Bergfura Ulstrup B-467 4/0	<u>15.000</u>	<u>-</u>
		<u>33.000</u>

Samt. 207.600 stk.

**Afhentar plöntur.**

Rauðgreni R.K.E.D. B-329 2/2	1.175	stk.
Rauðgreni Leirfjörd 3421-100-51. 2/3	12.275	-
Rauðgreni Bindal B-378 2/3	5.200	-
Sitkagreni Cordova 108-100-54. 2/3	9.875	-
Sitkagreni Seward 102-100-56. 2/3	9.875	-
Sitkagreni Homer B-389 2/3	9.000-	
Sitkagreni Seward (Etne) 2/2	33.430	-
Sitkagreni Seward 2/2 og 2/3	114.520	-
Bergfura St. Pier B-448 3/0	20.000	-
Bergfura Austurriki B-451 4/0	17.975	-
Stafafura Skagway B-444 2/2	9.250	-
Fjallaþinur Sapinero 901-3000-55 /3/3	6.000	-
Birki Bæjarstaður B-416 4/0	<u>1.100</u>	<u>-</u>

Samt. 250.685 stk.

## 6. Gróðursetningar:

Í Þjórsárdal voru gróðursettar samtals 61.300 plöntur, þar að auki var í haust farið með 5000 plöntur af rauðgreni (Bindal) uppeftir og því slegið þar niður til næsta vors. Ekkert land var til grisjað fyrir gróðursetninguna í vor, svo ekki var hægt að byrja að gróðursetja fyr en 7 júní og var verið að þar til í byrjun júlí, svo voru aftur gróðursettar rúmlega 10. þús. plöntur 20 ágúst, en allri gróðursetningu lokið 25. ágúst. Af því sem gróðursett var í fyrra var flest fallegt, nema sitkagreni frá Cordova, sem plantað var síðumars, af því hafði drepist um 10% og var bætt inn í þá gróðursetningu í vor. Allar plönturnar voru gróðursettar í ákvæðisvinnu 45 aurar pr. stk. með bjúgskóflum. Afköst voru misjöfn allt frá 500 og uppi 1000 á dag, enda mannskapurinn misjafn að aldri og kröftum og landið misgott til gróðursetninga. Samanlagður kostnaður við gróðursetninguna, þar í reiknaður flutningur á plöntum, verkstjórn og ráðskona o.fl. smávegis, varð Kr. 44.486,73 og verða það 72 aurar pr. plöntu, í fyrra var allt gróðursett í tímavinnu og kostnaður þá 73 aurar á plöntuna.

Gróðursett var í vor. 7625 stk. sitkagreni 2/3 (Cordova) 28975 stk. sitkagreni 2/3 (Seward) 12275 stk. rauðgreni 2/3 (Leirfjörd) 1175 stk. rauðgreni R.K.E.D 2/2 og 1000 stk. Fjallabínur 3/3 (Spinero) sendur frá Hallormsstað, þær plöntur áttu að fara inn á Þórsmörk, en ekki þótti ráðlegt að gera ferð með þær bangar, svo þær voru gróðursettar í Selhöfðum, því þar var verið að gróðursetja þegar plönturnar komu að austan. Einnig var í vor gróðursettar um 3000 lúpínurætur í sandinn fyrir austan Hallslaut. Síðumars voru settar niður, 5250 stk. stafafura 2/2 (Skagway) og 5000 stk. Fjallabínur 3/2 (Spinero).

2. júlí voru gróðursettar á Kviabólinu í Múlakoti 750 stk. sitkagreni 2/2 (Seward).

Í Ölvisholti var gróðursett 12 júní 2000 stk. sitkagreni 2/2 (Seward), einnig síðsumars 200 stk. rauðgreni 2/2 (Bindal) og 600 stk. sitkagreni 2/3 frá (Seward).

Dagana 13-15 júní var gróðursett í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum 2000 stk. sitkagreni 2/3 (Cordova), 70 stk. alaskaaspir og nokkrir lúpínuhnausar. Þar var borinn húsdýraáburður með plöntunum og hann ekki sparaður, einnig var borinn áburður með eldri gróðursetningum.

Á vegum skógræktarfélaganna hér á Suðurlandi var gróðursett:

Skógræktarfélag Árnesinga. 9800 stk. sitkagreni 2/2 (Seward) 10000 stk. bergfura 3/0 (Austurríki) 2100 stk. blágreni 3/3 (Sapinero) sent frá Hallormsstað og 4900 stk. birki. Öll bergfuran og helmingurinn af sitkagreninu var plantað að Snæfoksstöðum, en hitt til deildanna.

Skógræktarfélag Rangæinga. 500 stk. sitkagreni 2/2 (Seward) 1300 stk. birki og 250 stk. bergfura 3/0 (Austurríki). í Skógaskólagirðingu.

Skógræktarfélag Mýrdælinga. 3000 stk. sitkagreni 2/2 (Seward), gróðursett í Sólheimakots og Víkurgirðingar.

Í Þorsteinslund við Hlíðarendakot, voru settar niður 400 stk. sitkagreni 2/2 (Seward) og 200 stk. birki.

#### 7. Vegagerð:

Ruddur var vegur í Lambahólum í Þjórsárdal, frá vegi inn með Skriðufellinu og niður í bæjargil, þar sem það kemur í Sandá. Er sá vegur rúmlega 1,5 km. Einnig lagfærði jarðýtan vegina s Selhöfðum. Ekið var smávegis af möl í vegina, þar sem þeir voru blautir. Samtals vann jarðýtan 94 kl. að vegagerð í Þjórsárdal í sumar. Kostnaður varð samtals Kr. 26.724,42.

#### 8. Byggingar og viðhald húsa:

Í veturnar var smiðaður austur á Tumastöðum geymsluskúr fyrir Þjórsárdal 3,5 x 2 m. Vatnsklæddir veggir, en járn á þakl. Fluttur í heilu lagi uppeftir. Sett var járn á þökin á viðleguskúrunum í Þjórsárdal

Aður var tjörupappi á þókunum, en hann var svo lélegur, að kæmi dropi úr lofti lak það allt inn. Í íbúðarhúsínu á Tumastöðum, var efri hæðin máluð að innan og smávegis lagfært í eldhúsínu. Samtals varð kostnaður vegna viðhalds húsa Kr. 28.923,00.

9. Leiðbeiningar og ferðalög:

12 - 19 mars sat ég fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík. 11 apríl með skógræktarstjóra til Vestmannaeyja, athuguðum og mátum brunaskemdir í Herjólfssdal. Aftur til Vestmannaeyja 13 - 15 júní og þá við gróðursetningu þar. Austur í Mýrdal 19 - 20 júlí og fór um skógræktargirðingar þar. Margar ferðir í skóglendi skógræktar ríkisins, vegna framkvæmda þar. Einnig var skógræktarfélögunum og deildum þeirra, leiðbeint og hjálpað við gróðursetningar og undirbúning þeirra. Afundum hjá skógræktarfélögunum var ég 9 júní á aðalfundi Skógræktarfél. Árnesinga, 19 ágúst á aðalfundi Skógræktarfél. Rangæinga, 24-26 ágúst á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands að Bifröst.

10. Ýmislegt:

Töluverður kostnaður og umstang er orðið vegna ferðafólks í skóglendum skógræktar ríkisins. T.d. var ég á Þórsmörk um verzlunarmanna-helgina. Þangað komu á að giska 3000 manns. Engin ólæti voru, enda 6 lögreglumenn til eftirlits, en umgengnin var fyrir neðan allar hellur og tók það two daga fyrir 5 manns að hreinsa til á eftir. Sama er að segja um Þjórsárdal, þangað safnast mikið af fólkum um helgar, en umgengni alltaf mikið betri en á Þórsmörk. Í Múlakotí var maður frá 7 júní til ágústloka. Þangað kemur margt fólk til að skoða gróðrarstöðina, sérstaklega um helgar og hafði umsjónarmaðurinn nóg að gera við að sýna fólk og leiðbeina, þess á milli sá hann um hreinsun og lagfæringu í stöðinni.

Selfossi 31/12. 1962.

